

VIÐHORFIÐ Í DAG

Greinaflokkur eftir G. D. H. Cole prófessor, þýddur úr „Scottish Co-operator“, í málgagni Sambands skoskra kaupfélaga



Hvers konar mannfélag búast samvinnumenn við að sjá ef þeir horfa 20-30 ár fram í tímann, og hvaða hlutverki búast þeir við að samvinnuhreyfingin gegni í því? Fáir vænta þess að sjá hið óljósa „samvinnuríki“ og leggja áherzlu á yfirburði samvinnusamvinnuskipulagsins yfir sósíalísmannum og kapítalísmannum. Stærri hópur býst við að sjá blandað skipulag þar sem ríkis- og samvinnurekstur þróast hlið við hlið, en einkagróði kapítalísmans hefir horfið að minnsta kosti úr öllum aðalatvinnufyrirtækjum og þjónustufyrirtækjum

En langtum stærri hópur og ég býst við að þar á meðal sé stór hópur forystumanna samvinnufélaganna, hefir annað hvort ekki neina ákveðna skoðun á hinu verðandi skipulagi, eða er a. m. k. ófánlegur til þess að tengja saman stefnu sína í dag við skoðanir á því, sem gæti orðið í framtíðinni. Þeir telja nóg fyrir sig að glíma við dagleg vandamál hreyfingarinnar, án þess að reyna að horfa langt fram í tímann eða gera langt fram í tímann eða gera áætlanir um annað en frekari útbreiðslu samvinnufélaganna í nokkurn veginn sömu mynd og þau hafa starfað að undanfögnu.

Hin nýprentaða stefnuyfirlýsing um hlutverk samvinnunnar í sameignarhagkerfinu (The Cooperative Movement in a Collectivist Economy) sýnir afstöðu þessara manna mjög vel. Þar var lögð meiri áherzla á að segja Verkamannaflokknum hvað hann ætti ekki að gera heldur en benda á ákveðnar, glöggar leiðir til frekari framsóknar. Ég þykist viss um, að margir samvinnumenn séu mér sammála um að þetta sé ekki nóg. Marki hreyfingin ekki framsækna útþennslustefnu, má búast við að hlutur hennar í hagkerfinu verði minni en hingað til jafnvel þótt félagsmannatalan haldi áfram að aukast. Þetta er eðlileg afleiðing hinna batnandi lífskjara verkafólksins; eftir því sem lífskjörin hafa batnað, hafa verkalýðsstéttirnar sem

¹ Greinar þessar voru birtar í dagblaðinu Tíminn 15. – 17. og 19 júní 1951. Þýðanda er ekki getið.

neytendur eytt minni hluta af tekjum sínum í vörutegundir, sem ennþá mynda meginhluta vöruveltu samvinnuhreyfingarinnar, en stærri hluta í vörutegundir og þjónustur, sem samvinnufélögin hafa ekki, eða ekki nema að litlu leyti, verzlað með eða veitt.

Mikill hluti hinna yngri félagsmanna, sem hafa gengið í samvinnufélögin á undanförmum árum, kaupir aðeins tiltölulega fáa vöruflokka hjá þeim, og þetta fólk vantar alveg þá hollustu við hreyfinguna, sem eldri samvinnumennirnir höfðu. Enda þótt sum samvinnufélög hafi fært mikið út kvíarnar að undanförmu, þá eru samt flest þeirra lítið annað en nýlenduvöruverzlanir með sérstakri viðbótardeild, sem selur vefnaðarvörur eða búsaðhöld.

Samvinnan hefir ekki haft veruleg áhrif í þeim greinum efnahagslífsins, sem nú til dags draga til sín svo mikið af tekjum verkalýðsstéttanna. Ég á t.d. við rekstur kvikmyndahúsa, leikhúsa, hótela og gildaskála. Samvinnu-„bazarar“ eru enn svo að segja óþekkt fyrirbæri. Iðnaður samvinnufélaganna er ekki fjölskrúðugur og nær að eins til lítils brots af neyzluvöruframleiðslunni.

Og það er heldur ekki hægt að sjá nein merki breytinga á þessu. Jafnvel í þeim verzlunargreinum, sem hreyfingin leggur mesta áherzlu á, gerir hún lítið meira en að halda í horfinu. Hún vinnur ekki einu sinni á einkareksturinn í þessum greinum. Ef áframhald yrði á þessari þróun, mundi „samvinnuríkið“, svo langt sem það er nú frá veruleikanum, færast enn lengra frá honum. Forystumenn samvinnufélaganna vita þetta ósköp vel. En flestir þeirra hugsa meira um að verja það, sem þeir þegar hafa heldur en að færa út kvíarnar.

Það er sjálfsagt gott að hrópa „látið vera“, þegar Verkamannaflokkurinn hyggst þjóðnýta eina eða aðra grein atvinnulífsins eða viðskiptalífsins, sem samvinnuhreyfingin hefir starfað í, í smáum eða stórum stíl. En hafi samvinnumenn ekki framkvæmanlegar áætlanir um að ná undir sig stærstum hluta umsetningarinnar í þessum greinum, þá eru sjónarmið þau, sem þeir hafa hingað til hallazt að, í raun og veru aðeins vörn fyrir kapitaliskan rekstur, sem er undir árás frá sósíalísmannum. Ég er ekki einn af þeim jafnaðarmönnum, sem æski þess, að þjóðnýtingin í sinni núverandi mynd nái til enn fleiri atvinnu- og viðskiptagreina. En ég vil sjá öra útfærslu á frekari félagsrekstri og almannaeign, og ég vil að samvinnuhugsjónin verði notuð til þess að félagsleg sameign komi í staðinn fyrir kapitalíska einkaeign. En ég sé ekki fram á að þetta geti orðið, nema

Því aðeins að samvinnumenn verði við því búinir að gegna jákvæðu hlutverki, í samvinnu við ríkisstjórnina, við að móta markmið og leiðir til frekari og örari útbreiðslu samvinnustarfsins en orðið getur með þeim vinnubrögðum, sem nú er beitt í keppninni við einkareksturinn.

Það eru þrjár leiðir, sem ég sé til þess að koma á þessari öru og viðtæku útbreiðslu. Í fyrsta lagi vil ég að samvinnuhreyfingin verði miklu framtakssamari en hún hefir verið við að færa sig inn á ný verksvið.

Í öðru lagi vil ég að stórar upphæðir af almannafé verði lánaðar samvinnufélögunum til þess að færa út verksvið sín í iðnaði og atvinnurekstri.

Í þriðja lagi vil ég að mikill hluti þess stóriðjurekstur, sem nú er við lýði, verði með samstarfi sósíalista og samvinnumanna færður yfir í samvinnurekstur.

Ég hef lýst þessum hugmyndum mínum um frekara landnám samvinnurekstursins betur í bókinni „The \British Cooperative Movement in a Socialist Society“, en hún mun bráðlega koma á bókamarkaðinn. Hér get ég aðeins stiklað á stóru, þar sem greinaflokki þessum er ætlað að vera í aðeins þrem blöðum, með þessari grein sem inngangi.

Það sem ég óska að samvinnumenn geri sér ljóst, þegar þeir hugleiða tillögur mínar, er að samvinnuhreyfingin er eins og sakir standa, hvorki í framför, hvað það snertir að yfirtaka þær viðskipta- og atvinnugreinar, þar sem einkareksturinn drottnar nú, né heldur hefir hreyfingin byrjað að horfast í augu við þau vandamál, sem verða á vegi hennar, þegar hún fer að reyna að vinna sér öruggá fótfestu í þjóðfélagi, sem byggist á félags- og efnahagslegum áætlunarbúskap til hagsbóta fyrir alla þjóðina.

Auðvitað geri ég mér það ljóst, að það fylgir því töluverð áhætta fyrir samvinnufélögin að ráðast í nýjar framkvæmdir og færa frekar út kvíarnar. En hræðsla við að horfast í augu við slíka áhættu leiðir ekki aðeins af sér kyrrstöðu heldur beinlínis áhrifa- og álitsmissi fyrir hreyfinguna. Samvinnufélögin hafa þegar orðið að horfast í augu við þann vanda, að endurgreiddur tekjuafgangur til félagsmanna fer minnkandi, og hann mun að líkindum minnka enn meir, vegna þeirra ráðstafana sem hið opinbera gerir til þess að halda bæði heildsölu- og smásöluálagningunni í skefjum, en það er liður í tilraunum ríkisstjórnarinnar til þess að halda aftur af hinum ört vaxandi framfærslukostnaði. Sú tíð er liðin, að samvinnufélög geti greitt félagsmönnum mikinn tekjuafgang af neyzluvörukaupum þeirra. Og samvinnufélögin þurfa nú að sanna ágæti

sitt með betri þjónustu fremur en sparnaði, sem felst í endurgreiddum tekjuafgangi. Nú eru margar leiðir opnar fyrir verkafólkið til að ávaxta fé sitt betur en sú að geyma það sem væntanlegan útborgaðan tekjuafgang í kaupfélögum.

Miðað við hinar breyttu aðstæður í dag þarf samvinnuhreyfingin djarfari og hugmyndaríkari leiðtoga heldur en hún þurfti á meðan hún var eini aðilinn, sem stuðlaði að sparnaði meðal neytenda og kom í veg fyrir okur á neyzluvörum. Hreyfingin hefur ekki þá forystu, sem hún þarfnast nú til dags. Afleiðingin af því er sú, að hún skapar ekki þær tilfinningar, þann trúnað og þá hugsjónahrifningu meðal meginhluta félagsmanna, sem hún gerði áður fyrr.

Í eftirfarandi greinum mun ég benda á, hvað þarf að gera til þess að bæta úr þessum göllum. Komi það í ljós að ég hafi rangt fyrir mér í sambandi við sumar tillögur mínar, og ég býst við að svo geti verið, þá er samt ekki rétt að kasta þeim burt án frekari athugunar, heldur þarf að hugsa upp aðrar betri leiðir, sem gerir hreyfingunni mögulegt að undirbúa sig undir að gegna stóru hlutverki við uppbyggingu þess þjóðfélags, sem við höfum rétt byrjað að byggja upp síðustu sex árin.

Samvinna og sósíalismi II:

Skipulag framleiðslunnar

Greinaflokkur eftir G. D. H. Cole prófessor, þýddur úr „Scottish Co-operator“, í málgagni Sambands skoskra kaupfélaga

Síðan 1945 hefir Verkamannaflokkurinn, með aðstoð Samvinnuflokksins, þjóðnýt nokkrar þýðingarmiklar greinar atvinnu- og viðskiptalífsins, og hann hefir komizt allvel á veg með að tryggja félagslegt öryggi fyrir almenning. En þrátt fyrir þetta hefir honum ekki tekizt að koma í veg fyrir óeðlilega gróðasöfnun í þeim greinum atvinnu- og viðskiptalífsins, þar sem einstaklingsreksturinn ræður. Og honum hefir ekki tekizt að breyta neitt verulega til batnaðar kjörum þess fólks, sem vinnur hjá hinum þjóðnýttu fyrirtækjum.

Þeir eru fáir fylgjendur Verkamannaflokksins, sem enn eru sérstaklega áhugasamir um að ráðast í frekari þjóðnýtingu í núverandi mynd. Og þeir eru einnig fáir fylgjendur flokksins, sem líta svo á, að efnalegt og atvinnulegt lýðræði hafi verið tryggt á viðunandi hátt fyrir framleiðendur og neytendur í þeim greinum, sem þegar hafa verið þjóðnýttar. Það hefir heldur ekki tekist að finna leiðir til tryggingar því, að þau atvinnufyrirtæki, sem eru í höndum fjáraflamanna, séu rekin með almannahag fyrir augum. Það hefir heldur ekki tekist að tryggja viðskiptamönnum eða starfsmönnum þessarar fyrirtækja þátttöku og hlutdeild í stjórn þeirra og velgengni.

Stefnufirlýsing Verkamannaflokksins fyrir kosningarnar 1950 sýnir, að þeir, sem sömdu hana, vissu varla hvað þeir ættu að gera næst. Og í gagnrýni samvinnuhreyfingarinnar á stefnufirlýsingunni vantaði tilfinnanlega uppbyggilegar hugmyndir. Hvað viljum við, jafnaðarmenn og samvinnumenn, gera sameiginlega við þann fjölda af fyrirtækjum einstaklingshyggjumanna, sem við kærur okkur ekkert um að þjóðnýta á þann hátt, sem slíkt hefir verið gert að undanfögnu?

Ég lít svo á, að heppilegt væri, að samvinnuhreyfingin yfirtæki þessi fyrirtæki. Samvinnuheildsalan gæti yfirtekið sum þeirra, en öðrum væri hægt að breyta í það horf, sem sum samvinnufélög framleiðenda starfa eftir í dag, þ.e. að þeim verði stjórnað af fulltrúum starfsmanna, sem við þau vinna, og neytenda. Mér sýnist, að bæði þessi form

atvinnurekstrar geti eflzt mjög mikið í framtíðinni. En það er augljóst, að ör breyting getur ekki átt sér stað, nema því aðeins að samvinnufélögin fái almannafé til ráðstöfunar í þessu skyni.

Ríkið hefir þegar byrjað á að hjálpa einkafyrirtækjum til að byggja upp verksmiðjur eða bæta við eldri framleiðslutæki. Hvers vegna geta samvinnufélögin ekki notið sömu kjara og fengið stórar fjárhæðir til þess að yfirtaka ýmis einkafyrirtæki og til þess að byggja upp ný fyrirtæki, sérstaklega þó í þeim greinum, sem framleiða fullunnar neytluvörur? Ég veit, að sumir samvinnumenn, sem hallast eingöngu að neytendasamvinnu, munu segja að þróun í þessa átt ætti eingöngu að eiga sér stað sem þáttur í starfsemi samvinnuheildsölnunar.

Aðrir munu halda því fram, að með því að taka við opinberu fé, hætti félögin að starfa sem óháð samvinnufélög. Að mínum dómi er erfitt að gera sér grein fyrir því, hvernig takmarkalaust fylgi við regluna um óháð samvinnufélög getur farið saman með óskinni um frekari vöxt samvinnuhreyfingarinnar og mikilvægt hlutverk hennar í hinu nýja þjóðskipulagi, ef sá skilningur er lagður í þessa reglu, að hún þýði, að ríkið megi ekki leggja hreyfingunni nokkurt lið. Ekki get ég heldur séð, að samvinnuheildsalan geti ein og óstudd komið þessari nauðsynlegu breytingu á, vegna þess að þessar breytingar mundu þá fela í sér óeðlilegan samdrátt valdsins í fárra manna hendur, engu hættuminni en þá, sem skapast hefir í hinum þjóðnýttu atvinnu- og viðskiptagreinum. Það er augljóst, að eigi hin nýju samvinnuframleiðslufélög að ná verulegri útbreiðslu þurfa bæði framleiðendur og neytendur að eiga sæti í stjórn þeirra og mætti vel hugsa sér verkalýðsfélögin sem áhrifamikinn aðila.

Mín hugmynd um hið nýja hagkerfi, sem við stefnum að, er ekki sú, að í því verði öll stjórn hnekk í fjötra hinna alvöldu ráða ríkisins eða samvinnufélaganna. Ég lít þvert á móti svo á, að í hinu nýja mannfélagi, sem við stefnum að, eigi að dreifa valdinu og ábyrgðinni sem mest á sem flestra manna hendur. Eins og sakir standa virðast forystumenn samvinnuheildsalanna líta á framleiðendasamvinnufélögin sem keppinauta sína, og þeir leita stöðugt að tækifærum til þess að gleypa þau. Ég lít svo á, að þetta sé vanhugsuð stefna. Ef við hugsum okkar að koma á atvinnulýðræði, án óeðlilegra skrifstofumennsku og samdráttar valdsins, þá verðum við að finna leiðir til þess að koma nýrri rekstrarskipan á þann mikla fjölda verksmiðja, sem við höfum ekki efni á að skilja

eftir í höndum sérgróðamanna. Samstarf milli neytenda og framleiðenda hefir þegar gefizt vel í smáum stíl mörgum framleiðslusamvinnufélögum, og þess vegna er það vel þess virði að hugleiða hvort slík samvinna geti ekki gefizt vel á stærri og breiðari vettvangi.

Þetta væri auðvitað ekki hægt að gera nema því aðeins, að samvinnufélögin fengju opinbert fé til ráðstöfunar til viðbótar því fjármagni, sem þau gætu sjálf lagt fram. En ég kem ekki auga á nein rök, sem mæla gegn því, að opinbert fé sé notað á þennan hátt. Í hinu nýja þjóðskipulagi, sem við stefnum að, mun opinbert fé verða lyftistöngin undir flestar efnahagslegar framkvæmdir, vegna þess að þá verða ekki til stórríkir menn, sem geta lagt slíkt fé fram, og ég geri ráð fyrir því, að stór fyrirtæki geti þá ekki safnað gildum sjóðum til ráðstöfunar að eigin geðþótta. Í öllu falli myndi hvorugur aðilinn kæra sig um að leggja fram fé til frekari útbreiðslu og eflingar samvinnuhreyfingarinnar. Eigi samvinnan að eflast svo mikið, að þjóðnýting í stórum stíl verði ónauðsynleg, þá verður ríkið að leggja fram opinbert fé til þess að efling hennar og útbreiðsla geti átt sér stað. Samvinnufélögin eiga stóra sjóði, sem þau geta notað til frekari útfærslu á starfssviði sínu. En þau munu þurfa mikið meira fé en þau hafa yfir að ráða, ef þau eiga að gegna stóru hlutverki í atvinnu- og viðskiptalífi framtíðarinnar.

Ég hef fært fram enn gildari röksemdir fyrir slíkri útbreiðslu og eflingu samvinnu hreyfingarinnar í hinni nýju bók minni. Ég beini orðum mínum ekki til samvinnuhreyfingarinnar í þeim tilgangi að stuðla að því, að hún dragi úr neytendapjónustu sinni, heldur til þess að stuðla að því, að hún einskorði sig ekki eingöngu við neytendasjónarmiðin heldur hverfi aftur til hinna upphaflegu hugsjóna brautryðjendanna, sem hugsuðu ekki um framleiðendur og neytendur sem tvo aðskilda hópa, heldur sem tvær hliðar á sömu „vinnustéttinni“, (svo ég noti þeirra eigin orð), sem hreyfingin var stofnuð til að þjóna.

Í ýmsum öðrum löndum er samvinnuhreyfingin fremur framleiðenda en neytendahreyfing. Þetta á t. d. sérstaklega við um bændaþjóðirnar víðsvegar um heim. Framleiðendasamvinnuhreyfingin á hér um bil hvergi eins lítið undir sér og í Bretlandi. Ég vildi gjarnan sjá hana eflast mikið hér og gegna þýðingarmeira hlutverki bæði í landbúnaði og iðnaði en hún gerir nú, en ekki sem sérstaka, einangraða framleiðendahreyfingu, heldur í nánú samstarfi við neytendafélögin bæði heildsölur og

smásölur. í stað þess að líta á Samband framleiðslusamvinnufélaga og Samband landbúnaðarsamvinnufélaga sem eins konar „aukasamvinnufélög" og skoða þau jafnvel með nokkurri tortryggni, þá álít ég að forystumenn nefndra samvinnufélaga eigi að gera áætlun um það, hvernig hægt sé að efla bæði þessi sambönd sem nána bandamenn neytendasamvinnufélaganna. Án þess að slíkt komi til, er ekki hægt að gera sér von um eflingu samvinnunnar á sviði framleiðslunnar í svo stórum stíl, að ríkið þurfi ekki að ráðast í mikinn og margvíslegan rekstur, sem það er illa hæft til að annast.

Skipulag verzlunarinnar

Greinaflokkur eftir G. D. H. Cole prófessor, þýddur úr „Scottish Co-operator“, í málgagni Sambands skoskra kaupfélaga

Ég er nú að því kominn að ræða það atriði tillagna minna, sem að líkindum mun sæta mestri gagnrýni margra núverandi forystumanna samvinnufélaganna. Vandamálið, sem ég er að leitast við að leysa, er þetta: Hvernig eigum við að fara að því að yfirtaka smásölu- og heildsölureksturinn, án þess að setja upp ríkisfyrirtæki, eins og gert hefir verið í Rússlandi, eða án þess að skapa einokunarfyrirkomulag, sem mundi afnema frelsi neytandans? Eðlilegast er að neytandinn á hverjum stað, félagsbundinn með öðrum neytendum í smáhópa, ráði vörudreifingunni. Þess vegna er samvinnufélögin hæfust til þess að sjá um vörudreifinguna. Ríkisverzlaniir mundu leysa þetta verkefni mjög illa, vegna þess að yfirráð neytandans yfir þeim væru allt of fjarlæg. En enda þótt ég vildi sjá alla smásöluverzlun (og heildsöluna, sem að baki hennar er) í höndum samvinnufélaganna, þá vildi ég ekki sjá hana í höndum eins samvinnufélags á hverjum stað, vegna þess að slíkt leiddi til einokunar og mundi afnema frelsi neytandans.

Miðað við núverandi aðstæður er rétt að reyna að fyrirbyggja, að starfssvið og starfssvæði eins kaupfélags nái yfir á annars, vegna þess að félögin eiga í samkeppni við vöruhús og margar tegundir einkaverzlana. En ef þessir keppinautar (a. m. k. þeir stærstu) mundu hverfa, þá væri hættulegt að steypa öllum verzlunum saman í eitt mjög stórt samvinnufélag byggðarlags eða hvernar borgar.

AUÐVITAÐ bendir ekkert til þess, að slíkt geti átt sér stað nú til dags. Við höfum þegar séð, að samvinnufélögin eru ekki að ryðja fyrirtækjum einkarekstursins úr vegi, heldur halda þau í bezta falli i horfinu. Samvinnufélögin gætu því aðeins fengið einokunaraðstöðu, að ríkið yfirtæki allar einkaverzlanir og afhenti þær samvinnufélögunum til reksturs. Ég lít svo á, að það væri misráðið að gera þetta. En ég get ekki sætt mig við, að fjáraflamennirnir hafi endalaust yfirhöndina i mörgum arðvænlegum viðskiptagreinum, sem annast bæði vörudreifinguna og framleiðsluna. Tillaga mín er því sú, að ríkið kaupi upp öll stóru einkafyrirtækin, sem starfrækja stórar

búðir og mörg útibú, breyti þeim síðan hægt og hægt í nýja tegund samvinnufélaga, sem í bók minni eru kölluð *sameígnarfélög* (mutuals). Í borgum þeim, sem þessi skipan kæmi til framkvæmda, mundi verzlunarkerfið verða endurskoðað og endurskipulagt til þess að draga verulega úr fjölda sérstakra búða. Sérhver endurskipulögð verzlunarsamstæða mundi sett undir sérstaka stjórn, en í henni sætu menn, sem sumir hverjir væru kosnir af neytendum, en aðrir skipaðir af hinu opinbera. Sérhver verzlunarsamstæða mundi skuldbundin til þess að borga tekjuafgang til viðskiptamanna í hlutfalli við viðskipti, og mundi auk þess hvetja þá til þess að kaupa stofnbréf og leyfa þeim að safna tekjuafgangi sínum saman í félaginu sjálfu. Á þennan hátt mundu félögin smátt og smátt verða sameiginleg eign félagsmanna, verða samvinnufélög. Og eftir því, sem þau færðust meir og meir í þá átt að verða samvinnufélög, mundi fulltrúum neytenda í stjórninni fjölga, en hinum stjórnskipuðu fulltrúum fækka. Á sama tíma mundu þau heildsöluþyriræki, sem sæu þessum verzlunum fyrir vörum, verða endurskipulögð og þau sett undir blandaða stjórn neytenda og stjórnskipaðra manna. Félögin, sem önnuðust smásöluna, mundu fá tekjuafgang af verzlun sinni hjá heildsölunum, og þau mundu hvött til þess að leggja fé í heildsölnurnar til þess að eignast þær með tímanum.

YRÐI ÞETTA GERT, mundi þarna koma fram ný tegund samvinnufélaga, sem mundi vera í samkeppni við gömlu samvinnufélögin. Þessi nýju félög mundi síðan smátt og smátt breytast í hrein samvinnufélög, ef viðskiptavinirnir kærðu sig um að leggja fé í þau. Það mun verða mælt á móti þessari hugmynd á þeim forsendum, að *sameígnarfélögin* mundu ekki aðeins vera í samkeppni við núverandi samvinnufélög um viðskipti, heldur einnig um útvegum fjármagns. En er þetta röksemd á móti sameígnarfélögunum? Vilja samvinnumenn keppa að því að fá einokunaraðstöðu í hverri borg eða hverju héraði, þar sem þeir hafa „konkurerað“ einstaklingshyggjumenn út úr verzluninni? Gera þeir ráð fyrir því, að slík einokun væri í þágu neytandans? Eða reikna þeir í sannleika sagt með því, að við hliðina á samvinnufélögunum starfi alltaf einkaverzlanir í samkeppni við samvinnufélög? Í öðru lagi mun bent á það, að viðskiptavinir einkaverzlana, sem breytt verði í sameígnarfélög, hafi engan áhuga á að ná valdi yfir verzlununum og fá tekjuafgang af við viðskiptum sínum hjá þeim.

Auðvitað er þetta ekkert annað en vitleysa. Það er ekki svo, að fólkið, sem verzlur við samvinnufélögin, og fólkið, sem verzlur við kaupmenn, séu tveir aðskildir hópar.

Meginhluti félagsmanna kaupfélaganna verzlur einnig við kaupmenn og sýna engin merki þess, að þeir ætli sér að hætta því. Þess vegna mundu viðskiptavinir hinna nýju sameignarféлага samanstanda af miklum fjölda, — jafnvel milljónum —, sem þekkja til starfsemi samvinnufélaganna. Á meðal þessara manna verður vafalítið nægjanlega stór hópur til þess að hafa forystu í félögunum og leiða hin nýju sameignarfélög inn á svið sjálfstæðrar og áhrifaríkrar sjálfstjórnar.

ÉG ER EKKI að segja, að allt þetta eigi að gera í einni svipan. Ekki vil ég heldur segja, að *allur* einkarekstur eigi þannig að breytast í sameignar- og samvinnurekstur. Eins og sakir standa, mundi ég leggja til að smákaupmenn yrðu látnir afskiptalausir, a.m.k. fyrst í stað, svo framarlega sem þeir virða heilbrigða verzlunarhætti.

Tillögur mínar eru bundnar hinum stóru verzlunarhúsum, og þeim stóru fyrirtækjum, sem reka mörg útibú og selja vefnaðarvörur, nýlenduvörur, lyf, skófatnað, búsaðhöld, kjöt, kökur og brauð, og ýmsar aðrar vörur. Og einnig eru þær bundnar þeim heildsölum, sem selja þessum verzlunum vörur. Það er heldur ekki bundið við, að öll þessi fyrirtæki, allir þessir vöruflokkar séu yfirteknir í einu. Hugsanlegt er, að gera það í áföngum. Fyrst mætti byrja í ákveðnum greinum, en síðan færa út kvíarnar, og mætti þá gera þær breytingar á tillögunum, sem reynslan mælti með, að æskilegt væri að gera.

Ég trúi því, að ef þessum breytingum yrði komið á, þá mætti spara allmikið vinnuafli við verzlunarstörfin og vörudreifinguna. Einnig býst ég við, að þetta hefði í för með sér allmikinn sparnað fyrir neytendur, vegna þess að færri tegundir af sama hlutnum væru framleiddar og stórar pantanir gerðar, og mundi þetta draga úr verzlunarkostnaðinum.

ÞEIR ERU MARGIR, sem halda því fram, að núverandi fyrirkomulag við vörudreifinguna sé sérstaklega eyðslusamt og mannfrekt og valdi því, að ekki sé hægt að lækka verð framleiðsluvaranna mikið frá því, sem nú er. Mig langar ekkert til þess, að svo mikið verði dregið úr fjölbreytninni við framleiðsluna, að frjálst val neytendanna við innkaupin minnki verulega. En mikill hluti af þeirri vöru fjölbreytni, sem fólk á nú vöð á, veitir neytandanum í raun veru ekki frjálsara val en hann gæti haft, enda þótt framleiðslutegundir hveirar vöru væru töluvert færri.

Þetta kemur til af því, að engin verzlunarmaður getur nú haft á boðstólum nema tiltölulega fáar framleiðslutegundir, fá vörumerki, af einni og sömu vörunni. Það, sem

neytandinn vill, er *nægjanlegt* vöruval á lægsta hugsanlega verði. Lagfæring á vörudreifingunni í anda þeirra tillagna, sem hér hafa verið ræddar, mundi einmitt geta leitt þetta af sér. Þær mundu meira að segja veita honum aukið frelsi til þess að velja, án þess að hann þyrfti að fara út fyrir samvinnufélögin með viðskipti sín, þar sem að neytendur gætu valið á milli núverandi samvinnufélaga og hinna nýju sameignarfélaga.

ÉG GAT UM ÞAÐ í upphafi, að ég byggist við að þessar tillögur myndu sæta mikilli gagnrýni frá mörgum forystu mönnum samvinnufélaganna. En ég býst líka við því, að margir samvinnumenn muni fagna þeim. Á þetta þó sérstaklega við um þá, sem hugsa minna um að verja samvinnufélögin eins og þau eru, en hafa meiri áhuga á að sjá samvinnuhreyfinguna verða völdugri og öflugri en hún er nú og færa stórkostlega út verksvið sitt. Leyfist mér enn á ný að minna samvinnumenn á það, að ekkert bendir til þess, að þeir séu að útrýma einkarekstrinum og einkagróðanum í verzlun eins og sakir standa. Geðjist þeim ekki að tillögum mínum um að koma fótunum undir samvinnuverzlun í stórum stíl, þá verða þeir að benda á aðrar heppilegri tillögur. Hvaða tillögur hafa þeir fram að færa?

Verkefni framundan

Lokagrein í greinaflokki Cole prófessors um samvinnu og sósíalisma

Brezka samvinnuhreyfingin er hreykin af félagsmannafjölda sínum, sem er hart nær 11 milljónir, og smásöluvöruveltu sinni, sem er um 600 milljón sterlingspund á ári. Hún er líka hreykin af fjármagni sínu, sem er samansafn að sparifé vinnustéttanna, svo og af hinna löngu þjónustu sinni við neytendur, sem hefir afstýrt margvíslegu okri og einokun. Það er mikið þrekvirki, að hafa byggt þessa miklu hreyfingu upp í samkeppni við kapítalisman og í andstöðu við ríkisstjórnir, sem hafa verið vinveittar kapítalismanum. Ekkert af því, sem ég hefi sagt í þessum greinaflokki né heldur í bók minni, sem gefin verður út í júlímánuði af Allen & Unwin, er sagt til þess að gera lítið úr árangrinum af þessu þrekvirki, sem ég virði mjög mikils.

En því meiri virðingu, sem maður hefir fyrir árangri þeim, sem samvinnuhreyfingin hefir náð, því meira langar mann að sjá hana vaxa og dafna. Þetta á alveg sérstaklega við á yfirstandandi tímum breytinga frá kapítalisma yfir í mildan sósíalisma, og þegar hætta er á, að sósíalistískar hugmyndir verði misnotaðar þannig, að þær leiði til skrifstofumennsku og samdráttar valdsins fremur en til lýðræðis.

ÞAÐ ER HÆTT við því, að sá mikli skipulagslegi ofvöxtur, sem er í öllum hlutum núna, verði til þess að draga úr frelsi einstaklingsins. Eina áhrifaríka vörnin gegn slíkri frelsskerðingu er að dreifa valdinu og ábyrgðinni á eins margar herðar og mögulegt er. Jafnframt þarf að hlúa að þeim félagsstofnunum, sem stuðla að því að vinnustéttirnar og húsmæðurnar notfæri sér slíka dreifingu valdsins.

Samvinnuhreyfingin, sem byggist á því, að hver einstaklingur í hverju kaupfélagi geti átt þátt í að stjórna félaginu, er mikilvægur hluti af brezka lýðræðinu; og samvinnufélögin ættu að gegna engu minna hlutverki við mótnun pólitískra stefnumiða heldur en verkalýðsfélögin gera. Þau gera þetta hins vegar ekki núna, aðallega vegna þess, að þau reyna ekkert til þess og hafa eins og sakir standa ekki nógu ákveðnar hugmyndir um það, hvað þau vilja í þessum efnunum.

Verkalýðsfélögin sameinuðu krafta sína kröftum Jafnaðarmannaflokksins og Verkamannaflokksins á þeim tímum, þegar samvinnuhreyfingin hélt enn, að hún gæti staðið sér og utan við stjórnmal. Afleiðingin af þessu hefir orðið sú, að Verkamannaflokkurinn hefir markað stefnu sína undir áhrifum frá jafnaðarmönnum og verkalýðsfélagunum án þess að taka mikið tillit til samvinnuhugsjónarinnar. Þegar samvinnumenn neyddust svo til að stofna sinn pólitíska flokk, hafði flokkur vinnustéttanna þegar mótað sína stefnu um félags- og efnahagslegt öryggi og þjóðnýtinguna sem einn meginþátt í því að ná efnahagslegum yfirráðum af kapítalístum.

Verkamannaflokkurinn var strax fylgjandi meginmarkmiðum samvinnuhreyfingarinnar, og hann hefir gert mikið til þess að hjálpa henni. En flokkurinn hefir ekki í framtíðarstefnumiðum sínum hugsað mikið um það, hvern sess samvinnuhreyfingin skyldi skipa í hinu nýja mannfélagi, sem hann vill skapa. Það er ekki fyrr en á síðustu tímum, að forystumenn samvinnufélaganna hafa farið að hugsa um þetta, og það einungis vegna þess, að þeir hafa séð möguleika á, að frekari þjóðnýting muni þrengja að starfsemi samvinnufélaganna í ýmsum greinum. Þetta hefir getað átt sér stað vegna þess að innan samvinnuhreyfingarinnar hefir verið of langt bil á milli verzlunarstarfseminnar og fræðslustarfseminnar.

ÚTBREIÐSLA samvinnuhugsjónarinnar hefir að mestu verið sett í hendur „aukafélaga“ svo sem kvennagilda og fræðslufélaga. En verzlunarhreyfingin, sem á stöðugt í samkeppni við einkaframtakið, hefir ekki haft tíma aflögu til þess að hugsa um framtíðarvandamál eða framtíðarstefnu. Og starfsmenn fræðslufélaganna hafa ekki haft nægjanlega mikið samband við verzlunardeildirnar og þess vegna gert sig ánægða með að tala fyrir fjarlægum hugsjónamálum, en ræða síður aðsteðjandi vandamál, sem fylgja frekari útbreiðslu samvinnustarfseminnar. Afleiðingin af þessu hefir orðið sú, að samvinnuhreyfingin hefir, í stað þess að vinna með Verkamannaflokknum að sköpun raunhæfrar stefnu til þess að yfirtaka einkareksturinn, tekið neikvæða afstöðu, en slíkt er óviðeigandi á þessu tímabili félagslegra breytinga, sem ganga nú langtum hraðar yfir heldur en nokkur bjóst við fyrir fáum árum.

Afstaða Verkamannaflokksins hefir heldur ekki orðið eins jákvæð að undanförmu og áður. Flokkurinn hefir komizt að raun um, að þjóðnýtingin er ekkert undratæki til þess að koma á atvinnulýðræði, og sannleikurinn er sá, að það eru aðeins fáar iðngreinar

og fá þjónustufyrirtæki, sem hægt er að þjóðnýta með góðum árangri til viðbótar þeim greinum, sem þegar hafa verið þjóðnýttar. Jafnaðarmenn leita nú betur og betur að ráðum til þess að yfirtaka einkareksturinn, án þess að það leiði til frekari skrifstofumennsku og samdráttar valdsins. Slíkur samdráttur valdsins í höndum fárra útvaldra embættismanna er ekki vel til þess fallin að skapa þá tilfinningu hjá vinnustéttunum, að þær ráði meiru eftir en áður. Þess vegna eru fylgjendur Verkamannaflokksins nú reiðubúnir til þess að hlusta á tillögur samvinnumanna, þ. e. strax og samvinnuhreyfingin hefir einhverjar tillögur fram að færa.

ÞEGAR ÉG REYNI að horfa fram í tímann og gera mér grein fyrir því, hvers konar skipulag eigi sér þá stað, þá sé ég „blandað skipulag“. Ekki þó blandað skipulag kapítalisma og sósíalisma heldur sambland af ríkis-, bæjar-, héraðs- og samvinnurekstri. Ég vil að flestar verksmiðjur, smáar og stórar, verði endurskipulagðar sem samvinnufélög i eigu framleiðenda og neytenda, sem njóti aðstoðar og leiðbeininga ríkisins varðandi heildar rekstursáætlanir, án þess þó að ríkið taki nokkurn þátt í hinni daglegu stjórn félaganna.

Ég vil, að öll heildsala verði skipulögð annað hvort á samvinnugrundvelli eða sem sameign ríkisins og samvinnuhreyfingarinnar. Ég vil að flestum smásöluverzlunum, nema þá smáverzlunum, verði breytt í samvinnufélög án þess þó, að slíkt leiði til einokunar eða til þess að frelsi neytandans verði skert. En ég sé enga möguleika á því, að slíkt geti átt sér stað nema því aðeins, að mikil breyting verði á forystuhæfileikum forystumanna samvinnufélaganna, og ekki heldur án ákveðins samstarfs milli ríkisins og samvinnuhreyfingarinnar.

Ég veit vel, að margir samvinnumenn leggja mikla áherzlu á frjálsa inngöngu í samvinnufélögin, og ég játa fúslega, að slíkt hefir verið þýðingarmikið atriði við uppbyggingu þeirra. En frjálsa fyrirkomulagið getur ekki náð til allra, án þess að það missi tilgang sinn, nema því aðeins að gerðar séu ráðstafanir til þess að tvenns konar aðilar starfi við vörudreifinguna og neytendum og framleiðendum gefist kostur á að velja á milli þeirra. Þess vegna er það, að ef við viljum að samvinnuverzlun yfirtaki einkareksturinn, þá verðum við að setta okkur við að breyta þeim aðferðum, sem hafa reynzt samvinnufélagunum vel í samkeppni og aðstöðu.

AUÐVITAÐ munu sumir samvinnumenn segja, að þeir hafi ekki áhuga á að útrýma einkarekstrinum heldur vilji þeir aðeins fá frelsi til þess að keppa við hann á grundvelli fjálsrar samkeppni. Ég býst við, að slíkir samvinnumenn séu mér ósammála, vegna þess að ég vil útrýma kapítalismanum og með einu ráði eða öðru koma öllu efnahagskerfinu í það horf, að þar ríki fyllsta lýðræði. Ég skrifa þetta fyrir þá samvinnumenn, sem eiga þessa hugsjón með mér, og horfast í augu við þá staðreynd, að mannfélagið er að breytast í þá átt, að þar fyrirfinnist engir auðugir menn eða einkagróðafélög, sem rekin eru af óábyrgum stjórnendum með einkagróðasjónarmiðin ein í huga. Til þeirra beini ég máli mínu um að bjarga samvinnuhreyfingunni frá kyrrstöðu og minnkandi hlutdeild í umsetningu eyðslueyris vinnustéttanna. Og þetta vil ég, að þeir geri ekki aðeins fyrir samvinnuhreyfinguna heldur enn fremur til þess að koma í veg fyrir, að sósíalismiinn verði lítið annað en eins konar „framkvæmdastjórabylting“ sem skilur bæði framleiðendur og neytendur eftir ófjálsa, og óánægða með tilhögun hins stjórnarfarslega og efnalega valds.

Það er auðvitað margt í bók minni, sem ég hefi ekki geta þ minnst á i þessum greinaflokki. En ég vona að ég hafi sagt nóg til þess að vekja áhuga lesenda minna á því að byrja að ræða framtíðar stefnuskrátriði samvinnuhreyfingarinnar, en slíkar umræður hefðu auðvitað átt að hefjast fyrir löngu síðan.